



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÍNANDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

Álagning fasteignagjalda í Strandabyggð 2023

Álagning fasteignagjalda byggir á gildandi fasteignamati allra fasteigna eins og það er í janúar ár hvert. Álagning fasteignagjalda fer fram á vegum skrifstofu Strandabyggðar sem einnig hefur umsjón með leiðréttingum, reikningagerð og innheimtu.

Birting álagningar, gjalddagar og greiðsla fasteignagjalda

Álagningarseðill er birtur rafrænt inn á www.island.is og er ekki sendur út á pappír. Greiðslukröfur og greiðsluseðlar verða birtir í heimabönkum líkt og undanfarin ár en greiðandi getur óskað sérstaklega eftir því á skrifstofu Strandabyggðar að fá álagningarseðil og/eða greiðsluseðla senda, telji hann þörf á því. Gjalddagar eru 9 talsins og er fyrsti gjalddaginn 1. febrúar en sá síðasti þann 1. október. Sé fjárhæð fasteignagjalda undir kr. 40.000 er gjalddagi þeirra 1. apríl. Á hverjum greiðsluseðli verður greiðsla á aðeins einum gjalddaga, þannig að eldri seðlar halda gildi sínu. Hafi gjöld ekki verið greidd á eindaga sem er síðasti virkur dagur hvers mánaðar, greiðast dráttarvextir frá gjalddaga. Ekki eru sendar út kröfur vegna innheimtu undir 1000 kr.

Vegna samnings Strandabyggðar við Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið frá 30.3.2021 um fjárhagslegar aðgerðir og hagræðingu í rekstri, ákvað sveitarstjórn Strandabyggðar við álagningu fasteignagjalda árið 2022 og 2023, að álagningarprósenta fasteignagjalda á íbúðarhúsnæði muni vera 0,625% á fasteignaskatti A og 1,65% í fasteignaskatti C. Álagningarprósenta á vatnsgjaldi, holræsagjaldi og lóðaleigu er óbreytt. Sorpgjöld hækka milli ára til að koma til móts við kostnað sveitarfélagsins við sorphirðu í sveitarfélaginu.

Afslættir á fasteignagjöldum fyrir aldraða og öryrkja eru færðir inn sjálfvirkt og koma fram á álagningarseðli.

- Fasteignaskattur A – gjald 0,625% af fasteignamati húss og lóðar
- Fasteignaskattur B – gjald 1,32% af fasteignamati húss og lóðar
- Fasteignaskattur C – gjald 1,65% af fasteignamati húss og lóðar
- Lóðarleiga 2,5% af fasteignamati lóðar
- Holræsagjald 0,25% af fasteignamati húss og lóðar
- Vatnsskattur 0,30% af fasteignamati húss og lóðar þó ekki lægri en kr. 36.430,- og ekki hærri en kr. 48.820,- eða sem nemur 0,5% af fasteignamati húss og lóðar
- Hreinsunargjald rotþróa kr. 17.280,-
- Sorphreinsunargjald á íbúðarhúsnæði í þéttbýli kr. 60.450,-
- Sorphreinsunargjald í dreifbýli kr. 49.850,-
- Sorphreinsunargjald sumarhúsa kr. 30.220,-

Allar nánari upplýsingar fást á skrifstofu sveitarfélagsins, í síma 451-3510 eða á netfanginu strandabyggd@strandabyggd.is

Samþykkt í sveitarstjórn Strandabyggðar

8. nóvember 2022. Gildir frá 1. janúar 2023



STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410
SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR: WWW.STRANDABYGGD.IS